

Starfsreglur

Vísindasjóðs VFÍ

Vísindasjóður Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) starfar samkvæmt reglugerð um Vísindasjóð VFÍ á grundvelli kjarasamninga félagsins við Fjármálaráðuneytið og Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra aðila. Tekjur sjóðsins eru framlag vinnuveitenda.

Starfsreglur

1. Aðild að sjóðnum eiga þeir félagsmenn í VFÍ sem greitt er reglulega fyrir í sjóðinn.

2. Réttindi

Sjóðfélagar skulu að jafnaði eiga kost á hámarksfyrirgreiðslu fyrir hver tvö ár sem þeir hafa greitt í sjóðinn. Sjóðfélagar öðlast rétt til hámarksfyrirgreiðslu eftir tveggja ára sjóðsaðild og hlutfallslega fram að þeim tíma. Þeir öðlast fyrst rétt til fyrirgreiðslu, hámark 300.000 kr. eftir eins árs sjóðsaðild og fullt starfshlutfall, annars hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

Hámarksstyrkur er kr. 600.000 en hámarksréttur er tvöfaldur hámarksstyrkur.

Réttur til styrks vex um kr. 300.000 á ári þar til hámarksréttindum er náð.

3. Hlé eða rof á sjóðsaðild

3.1 Launalaust leyfi

Sjóðfélagi í launalausum leyfi á rétt á styrk samkvæmt reglum sjóðsins fyrstu 6 mánuði í leyfi að öðrum skilyrðum uppfylltum.

3.2 Atvinnuleysi.

Fyrirverandi sjóðfélagar, sem eru atvinnulausir, geta sótt um og fengið styrk úr sjóðnum ef umsækjandi hafa átt aðild að sjóðnum í a.m.k. eitt ár og að ekki liðnir meira en 12 mánuðir síðan hann missti vinnu og hann hafi skilað félagsgjaldi.

4. Láti félagsmaður af störfum og fari á eftirlaun eða missi starf sitt og verði atvinnulaus heldur hann áunnum réttindum í eitt ár frá því að greiðslur hætta að berast í sjóðinn, eftir það minnka réttindi á sama hátt og ávinnslan. Réttindi fyrnast síðan á þremur árum miðað við fulla réttindastöðu, annars hlutfallslega. Samþykkt umsókn heldur þó gildi sínu í 12 mánuði.

5. Hætti greiðslur að berast í sjóðinn vegna félagsmanns sem skiptir um starf, þá er hann ekki lengur sjóðfélagi og á ekki rétt á styrk úr sjóðnum frá og með þeim tíma sem greiðslur hætta að berast sjóðnum. Samþykkt umsókn sem berst meðan félagsmaður er enn aðili að sjóðnum heldur þó gildi sínu í 12 mánuði.

6. Styrkir

6.1 Styrkir eru veittir einstökum sjóðfélögum til:

- Að sækja námskeið og/eða ráðstefnur.
- Að stunda nám innanlands eða utan.
- Rannsóknar og þróunarverkefna,.

- d. Sjálfsnáms, t.d. til kaupa á fagbókum, sérhæfðum forritum.
- e. Til kaupa á tölvubúnaði, en um þau kaup gilda sérstakar reglur.

6.2. Styrkir til Verkfræðingafélags Íslands til:

- a. Námskeiðahalds á vegum þess eða í samstarfi við aðra.
- b. Öflunar fagrita.
- c. Að skapa aðstöðu til endurmenntunar.

7. Styrkir eru veittir til að standa straum af kostnaði umsækjanda, námskeiðs-, ráðstefnu- eða námskostnaði, ferðakostnaði og dagpeningum innan lands eða utan, kostnaði við rannsókn- og þróunarverkefni eða sjálfsnám. Ferðakostnaður miðast við almenn fargjöld og greiðist í samræmi við reglur ferðakostnaðar ríkisins.

Dagpeningar greiðast fyrir þann dagafjölda sem námskeið eða ráðstefna tekur, auk eins dags vegna ferða.

8. Styrkir sbr. gr. 6.1 til kaupa á tölvubúnaði skulu vera að hámarki 250.000 kr. Styrkur til kaupa á tölvubúnaði, er óháður almennum réttindum og endurnýjast á þrem árum miðað við full réttindi. Þessir styrkir eru tengdir afkomu sjóðsins og skulu aðrar umsóknir hafa forgang.

9. Styrkur til eins ákveðins verkefnis skv. þessari grein má ekki nema hærri upphæð en sem nemur helmingi af styrkveitingum þess árs sem sem viðkomandi styrkur er samþykktur.

10. Stjórn sjóðsins fjallar um umsóknir en getur einnig heimilað úthlutunarnefnd að afgreiða umsóknir sem falla innan áður samþykkt ramma. Allar umsóknir skulu síðan staðfestar af stjórn.

11. Umsóknum skal skilað á rafrænu umsóknareyðublaði til Vísindasjóðs VFÍ sem er að finna á vef félagsins <http://www.vfi.is>. Eyðublöð liggja einnig frammi á skrifstofu VFÍ að Engjateigi 9, Reykjavík.

12. Á umsókn skal vera lýsing á námi eða verkefni sem styrkur skal renna til, áætlaður kostnaður auk þess skal tilgreint hvenær og hvar fyrirhugað er að stunda námið eða vinna verkefnið. Stjórn sjóðsins hefur heimild til þess að óska eftir frekari upplýsingum.

13. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði fara fram eftir á gegn framvísun reikninga í frumriti og annarra gagna sem sanna að styrkur nýtist til þeirra verkefna sem ætlað.

14. Eftir að greiðsla fer fram sendir sjóðstjórn þeirri stofnun sem styrkþegi er ráðinn hjá bréf þar sem greint er frá úthlutun.

15. Styrkþegi skal að verkefni loknu skila örstuttri greinargerð um verkefnið.

16. Breytingar á starfsreglum þessum skulu kynntar stjórn Kjaradeildar VFÍ áður en þær eru lagðar fyrir stjórn sjóðsins til endanlegrar staðfestingar.

Samþykkt af stjórn Kjaradeildar VFÍ – 4. janúar 2017.

Breytingar á 2. grein samþykktar af stjórn Kjaradeildar VFÍ í desember 2019.

Breytingar á 2. grein samþykktar af stjórn Kjaradeildar VFÍ í júní 2024.